

## Stuðningsbréf vegna Running Tide

Transition Labs ehf. er nýtt íslenskt félag sem ætlar að einhenda sér í baráttuna gegn loftslagsvánni. Félagið leitar uppi framúrskarandi erlend loftslagsverkefni, laðar þau til Íslands og aðstoðar við að byggja þau upp hér bæði hratt og örugglega. Þannig hefur fyrirtækið lýst sér sem nokkurs konar ljósmóður fyrir grænan iðnað framtíðarinnar.

Transition Labs stefnir að því að gera Ísland að helstu deiglu loftslagsverkefna á heimsvísu og færa heiminn með því nær markmiðum um sjálfbæra framtíð.

Að félaginu stendur fólk með áralanga reynslu af því að byggja fyrirtæki frá grunni og eiga að baki farsælan feril í nýsköpun. Davíð Helgason er stofnandi og hugmyndasmiðurinn að baki félaginu og Kjartan Örn Ólafsson er forstjóri þess. Auk þeirra skipa stjórn félagsins þau Ásta S. Fjeldsted og Kristinn Árni Lár Hróbjartsson.

Transition Labs hefur nú þegar hafið samstarf við sum af metnaðarfyllstu loftslagsverkefnum heims og eitt þeirra, Running Tide frá Maine í Bandaríkjunum, stefnir að því að hefja starfsemi á Íslandi strax um mitt árið.

Transition Labs metur það sem svo að Ísland hafi einstakt tækifæri til að ná forskoti á þessu sviði en það gerist ekki sjálfkrafa. Öll verkefni sem rætt hefur verið við bera aðstæður og tækifæri á Íslandi saman við önnur möguleg lönd. Því er mikilvægt að ryðja brautina, taka forystu og sýna öðrum löndum hvernig við mótum nýsköpunarumhverfi sem styður sérstaklega vel við grænan iðnað.

Til þess að stíga fyrsta skrefið þá óskar Transition Labs eftir því að fulltrúar Ríkisstjórnar Íslands undirriti stuðningsbréf vegna kolefnisförgunarfélagsins Running Tide sem er leiðandi á sínu sviði. Félagið er með raunsæjar og vel úthugaðar áætlanir um stærsta kolefnisförgunarverkefni sögunnar. Ef áætlanir ganga eftir verður verkefnið orðið starfhæft á Íslandi með sumrinu og mun strax fyrir árslok hafa bundið 10 sinnum meiri koltvísýring en önnur sambærileg verkefni.

Running Tide er eitt nokkurra blákolefnis (e. „blue carbon“) eða sjávarkolefnisförgunar fyrirtækja (e. „Ocean CDR“) sem eru að skoða uppbyggingu á Íslandi í samstarfi við Transition Labs. Sá iðnaður snýst um að nýta gæði hafsins á sjálfbæran og öruggan hátt til að fanga og farga kolefni. Running Tide nýtir í sinni tækni stórbörunga sem eru ræktaðir á rúmsjó og síðan sökkt ofan í dýpri lög sjávar til að binda kolefnið til frambúðar.

Slíkt stuðningsbréf er fyrsta skrefið til að sýna í verki að stjórnvöld ætli sér að styðja við bakið á framúrskarandi loftslagsverkefnum. Bréfið myndi hjálpa til við að greiða veginn í öllum samskiptum við stofnanir innanlands, sem og erlenda samstarfsaðila Running Tide. Í því sambandi má nefna að Running Tide á þessa dagana í samtölum við tölvurísann Microsoft um umfangsmikil kaup á kolefnisjöfnunarheimildum af verkefninu.

Að neðan má sjá tillögu að stuðningsbréfi.

## Draft Letter of Support: Running Tide

The Icelandic government has been introduced to the United States based carbon dioxide removal company Running Tide, and their innovative proposed operations in Iceland.

Running Tide's activity constitutes the placement of material of natural origin into the high seas in an effort to reduce carbon dioxide pollution, and store carbon dioxide at minimum for several hundred years at the bottom of the ocean.

The removal of carbon dioxide and its secure, long-term storage, is a fundamental issue of the climate policy of the Icelandic government.

The Running Tide project is fully in accordance with the energy, innovation, and climate goals of the Government of Iceland, and the climate targets set out in the Paris agreement.

The Government of Iceland is supportive of the innovative carbon dioxide removal project led by Running Tide and looks forward to the continued development of the company in Iceland.